



UST

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <u>KG</u> <u>SG</u>
17 FEB. 2004
<u>54.52</u>
Tilv. <u>UST20040100151</u>

Umhverfisstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík
Sími: 570 8000
Fakki: 570 8001
Netfang: ust@ust.is

10. febrúar 2004
Skjalanúmer: 54.52
Tilvísun: UST20040100151/kg

Reykjanesbraut í Hafnarfirði-bráðabirgðalausn, matsskylda

Vísað er til erindis yðar, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað var eftir álitni Umhverfisstofnunar á því hvort framangreind framkvæmd gæti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Þann 2. september 2002 úrskurðaði Skipulagsstofnun um tvöföldun Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð frá Álftanesvegi að Ásbraut. Fram kemur í innsendum gögnum framkvæmdaraðila að nú hyggist þeir víkja frá þeirri framkvæmd sem áður hefur verið úrskurðað um og skv. tl. 13a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.b., ber Skipulagsstofnun að úrskurða hvort slíkar breytingar þurfi sjálfstætt mat.

Fyrirhugaðar breytingar eru einkum á eðli brauta og gatnamóta en ekki á því landsvæði sem áætlað er að taka undir nýjan veg. Að mati Umhverfisstofnunar eru það því einkum þættir er lúta að áhrifum frá umferð og áhrifum á umferð sem víkja frá fyrri útfærslu.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri vegna fyrirhugaðra framkvæmda

Hljóðstig

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um hljóðstig í gögnum framkvæmdaraðila sé til fyrirmyndar og lýsi vel núverandi ástandi og líklegum áhrifum frá umferð. Ljóst er að hávaði fyrir utan allmörg hús umhverfis Reykjanesbrautina og aðlægar götur er nú yfir mörkum reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða, og aðgerða því þörf. Stofnunin leggur áherslu á að íbúum verði kynnt áhrif fyrirhugaðra framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif hljóðvarna og að nánari útfærsla verði gerð í samráði við þá.

Umhverfisstofnun vekur athygli Skipulagsstofnunar á að við mat á hávaða notast framkvæmdaraðili við rauntölur, t.d. við mat á hlutfalli stórra bíla sem fara um vegi þá sem hér er horft til. Umhverfisstofnun telur slíkt til eftirbreytni.

Umhverfisstofnun brýnir fyrir viðeigandi yfirvöldum að þegar verði hafist handa við að finna framtíðarlausn á umferðarmálum þar sem ljóst er af innsendum gögnum framkvæmdaraðila að þjónustustig þessa vegakafla muni fljótlega fara hratt versnandi eftir 2010.

Loftmengun

Umhverfisstofnun telur ekki að fyrirhugaðar breytingar muni auka loftmengun umtalsvert frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum fyrri útfærslu Reykjanesbrautar. Stofnunin telur þó að meiri tafir, t.d. við hringtorg, muni auka eitthvað á útblástur en þar sem fyrra mat var yfirleitt vel undir viðmiðunarmörkum valdi aukningin ekki umtalsverðum áhrifum?.

Afrennslisvatn


Samkvæmt lýsingum framkvæmdaraðila verður öllu ofanvatni af akbrautum Reykjanesbrautar, Fjarðarhrauns og Lækjargötu veitt í settjörn sunnan við Lækjargötu. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þennan þátt.


Umhverfisstofnun bendir á að lítið er fjallað um áhrif af fyrirhuguðum flutningi Urriðakotslækjar, t.d. hvort á þeim kafla séu hrygningarstöðvar eða aðrir mikilvægir þættir í lífríki lækjarins. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við flutninginn, að því tilskyldu að þess verði gætt að í nýjum lækjarfarvegi verði aðstæður sem líkastar því sem er í núverandi farvegi og að lífríki beri ekki skaða af. Stofnunin bendir einnig á að leyfi embættis veiðimálastjóra er nauðsynlegt ef mannvirkjagerð getur áhrif á lífríki í ám.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar breytingar á Reykjanesbraut í Hafnarfirði frá fyrri útfærslu muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin leggur áherslu á að fyrirhugaðar hljóðvarnir verði hannaðar í samvinnu við viðkomandi íbúa.

Virðingarfyllst,


Sigrbjörg Gísladóttir
forstöðumaður


Kristján Geirsson
fagstjóri